



Bæjarráð Kópavogs

Reykjavík, 11. september 2024

Varðar: Fjárhagsáætlun Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins 2025-2029

Á 264. stjórnarfundum sínum þann 16. ágúst sl. samþykkti stjórn Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs. (SHS) meðfylgjandi fjárhagsáætlun slökkviliðsins fyrir árin 2025-2029. Hún er nú send aðildarsveitarfélögum SHS til staðfestingar í samræmi við stofnsamning þess.

Fjárhagsáætlun SHS byggir á meginforsendum og þeirri stefnumótun sem liggur til grundvallar brunavarnaáætlun SHS. Ný brunavarnaáætlun mun líta dagsins ljós á næstu mánuðum og er samþykki Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar (HMS) á henni háð því að starfsemi SHS uppfylli þær kröfur sem til hennar eru gerðar og viðmið um fullnægjandi þjónustustig. Fjárhagsáætlun 2025 er því með fyrirvara um breytingar varðandi búnað eða mönnun sem ný brunavarnaáætlun gæti leitt af sér.

Fjárhagsáætlun SHS fyrir árið 2025, ásamt rammaáætlun til ársins 2029, byggir á áætlun og útkomuspá ársins 2024 og áður samþykktum forsendum, þ.e. vísitölupróun skv. þjóðhagsspá í apríl 2024 og fjölgun starfsfólks í varðliði um 10 manns árið 2025 og 7 árið 2026. Byggir sú fjölgun á athugasemdum HMS um að ófullnægjandi mönnun valdi því að viðbragðsgeta liðsins standist ekki viðmið og telur stjórn SHS rétt að bregðast við strax, fremur en að bíða með fjölgun starfsfólks fram að fyrirhugaðri fjölgun slökkvistöðva á þjónustusvæðinu samkvæmt áætlun um framtíðaruppbyggingu SHS sem stjórn og eigendur hafa þegar samþykkt. Jafnframt er fjölgun frá áætlun 2024 um eitt stöðugildi vegna almannavarna vegna aukins álags og verkefna í þeim málaflokki, sem hingað til hefur verið sinnt af einum starfsmanni almannavarnanefndar, auk undirritaðs.

Áætlunin gerir ráð fyrir 5,0% hækkun launavísitölu og 3,2% hækkun vísitölu neysluverðs á árinu 2025. Rammaáætlun er á verðlagi ársins 2025.

Óski bæjarráð frekari skýringa á áætluninni er sjálfsagt að undirritaður verði viðstaddur þegar hún verður tekin til umfjöllunar.

Virðingarfyllst,

Jón Viðar Matthíasson,
slökkviliðsstjóri Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins og
framkvæmdastjóri almannavarnanefndar höfuðborgarsvæðisins.
(*rafræn undirritun á næstu síðu*)

Meðfylgjandi: Fjárhagsáætlun SHS 2025-2029, dags. 16. ágúst 2024.
Samrit sent borgar- og bæjarráðum annarra aðildarsveitarfélaga Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.

SLÖKKVILIÐ HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS BS.

Skógarhlíð 14 – 105 Reykjavík – Sími 528 3000

www.shs.is – shs@shs.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 19.08.2026

f.h. Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs.
Jón Viðar Matthíasson